

Minnismóttaka

göngudeildar öldrunarþjónustu flæðisviðs Landspítala - Landakoti

Almennar upplýsingar



Starfsemi

Á minnismóttöku fer fram greining á heilabilunar- og minnissjúkdómum og meðferð við þeim.

Hagnýtar upplýsingar

Tilvísun frá lækni þarf fyrir skoðun á minnismóttöku.

Læknir og hjúkrunarfræðingur meta almennt heilsufar og þætti sem tengjast vitrænni starfsemi, með samtali, skoðun og prófum. Æskilegt er að aðstandandi taki þátt í samtalinu. Eftir fyrstu heimsókn fara fram þær rannsóknir sem talin er þörf á og eftir þær liggur oftast fyrir greining. Ef um heilabilunarsjúkdóm er að ræða er ráðlögð meðferð, eftirfylgni og boðinn stuðningur

Teymisvinna

Ýmsir koma að meðferð sjúklingsins svo sem hjúkrunarfræðingar, læknar, félagsráðgjafar, sálfræðingar og fleiri. Öldrunarlæknar með sérhæfingu í heilabilunarsjúkdómum starfa við deildina. Hjúkrunarfræðingar eru tengiliðir sjúklings og aðstandenda hans við aðra fagaðila.

Hjúkrun

Leita má til hjúkrunarfræðings um t.d. lyf; áhrif og aukaverkanir ávísaðra lyfja, næringarástand, persónulegt hreinlæti andlega vanlíðan, öryggi; t.d. notkun hjálpartækja, afþreyingu, starfsemi félagsmiðstöðva, úrræði í heilbrigðis- og félagsþjónustu svo sem dagþjálfun, hvíldarinnlagnir, heimahjúkrun, heimilishjálp og framtíðarúrræði.

Önnur sérhæfð þjónusta:

Á Landakoti starfa sjúkrapjálfarar, iðjupjálfar og félagsráðgjafar sem leitað er til ef þarf.

Taugasálfræðingur gerir taugasálfræðimat að beiðni læknis sé þess talin þörf, en það er liður í greiningu.

Fjölskyldufundir

Boðið er upp á fjölskylduviðtöl. Veitt er ráðgjöf og stuðningur vegna einkenna og heilsufarsvandamála sem geta komið fram við minnissjúkdóma.

Allt sem þú sérð og heyrir geymir þú með sjálfri/um þér. Við biðjum þig vinsamlegast að gera ekki viðveru eða veikindi annarra sjúklinga að umtalsefni.

Deildarstjóri: Guðný Valgeirsdóttir

Aðstoðardeildarstjóri: Guðlaug Guðmundsdóttir

Símanúmer minnismóttöku er: 543 9900

Göngudeildin er á fyrstu hæð í L-álmu Landakotsspítala og er opin virka daga kl. 08:00-16:00

Sjá upplýsingar á vef Landspítala: www.landspitali.is/sjuklingar-adstandendur/deildir-og-thjonusta/dag-og-gongudeild-oldrunarlaekninga

Vinsamlegast athugið að sjúkrahúsið getur ekki borið ábyrgð á peningum eða öðrum verðmætum svo sem símum, tölvum o.fl. sem sjúklingar eða aðstandendur hafa meðferðis.

Athygli er vakin á því að starfsfólk og nemendur sjúkrahússins eru bundin þagnarskyldu og mega því ekki ræða um málefni sjúklinga á deildinni. Við viljum vinsamlegast biðja þig og aðstandendur þína að ræða ekki það sem þið kunið að verða vitni að eða heyrið um aðra sjúklinga.

Landspítali er kennsluspítali og nemendur í heilbrigðisfræðum og tengdum greinum stunda hluta af námi sínu á spítalanum. Nemendur fylgjast með og taka þátt í daglegri meðferð sjúklinga og eru alltaf á ábyrgð og undir handleiðslu leiðbeinenda sinna.

ÚTGEFANDI:
LANDSPÍTALI
FLÆÐISVIÐ
APRÍL 2018

ÁBYRGÐ:
DAG- OG GÖNGUDEILD L0/L1

HÖNNUN:
SAMSKIPTAEILD